

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis vegna lóðanna Rituhöfða 4 og 6, Mosfellsbæ og fækkunar bílastæða við götu.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingar á deiliskipulagi Höfðahverfis, í Mosfellsbæ, í samræmi við 2. mgr., 26. gr. laga nr. 73/1997, þann 18. júlí 2000.

Breytingin felst í því að austasti hluti götu Rituhöfða frá gatnamótum Arnarhöfða að Rituhöfða 6 mjókkar um tvo metra, þ.e. bílastæði við götu falla burtu. Lóð Rituhöfða nr. 2 og 4 stækkar um tvo metra til norðurs og byggingarreitur færast nær götu samsvarandi. Einu viðbótarbílastæði er bætt við í enda götunnar og verður því heildarfækkun bílastæða við götuna tvö.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi samsvarandi hluti deiliskipulags Höfðahverfis sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 28. apríl 1999.

*Mosfellsbæ, 5. október 2000.*

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundabyggðar í Oddsholti í landi Minni-Borgar, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Oddsholti í landi Minni-Borgar, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 3. október 2000.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.